

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 9. ágúst 2018
UST201708-195/B.S.
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnisnám kalkörungasetts – Ísafjarðardjúp.
Frummatsskýrsla og frekari upplýsingar. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 23. ágúst 2017 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda frummatsskýrslu og frekari upplýsingar sem bárust með bréfi dags. 15. nóvember 2017.

Furirhugað er að taka allt að 120.000 m³ af botnseti á tveimur svæðum við Æðey og Kaldalón.


Fram kemur í frummatsskýrslu að kalkpörungar þjóni mikilvægri vistkerfaþjónustu og í skjóli þeirra er mjög fjölbreytt botndýralíf og einnig sækja seiði nytjafiska fæðu til kalkpörungasvæðanna. Kalkpörungabreiður eru á lista OSPAR yfir tegundir og búsvæði í hættu og er talið að þeim stafi mest hættu af efnistöku, botnveiðum og mengun af ýmsu tagi.

Fram kemur í frummatsskýrslu og frekari svörum framkvæmdaaðila að ráðist verði í mótvægisáðgerðir sem felast í því að færa efsta lag kalkpörungana sem er lifandi af fyrirhuguðum efnistökurreitum áður en efnistaka hefst og freista þess að koma þeim fyrir lifandi á eldri efnistökusvæðum. Þessi aðferð hefur ekki verið reynd í þeirri stærðargráðu sem hér er fyrirhuguð og er því mikil óvissa um árangur þessarar áðgerðar og er því að mati Umhverfisstofnunar vart hægt að telja þessa aðferð til mótvægisáðgerða sem draga mun verulega úr neikvæðum áhrifum efnistökkunnar á þessu stigi. Því er óvissa um hvort, hvernig og hvenær nýtt lag kalkpörunga muni þjóna fyrri vistkerfaþjónustu.


Kalkpörungar eru afar hægvoxta og er talið að það hafi tekið allt að 10.000 ár að mynda þau lög kalkpörunga við Æðey og Kaldalón sem ráðgert er að taka efni úr. Í ljósi þessa getur verið erfitt að meta virkni mótvægisáðgerða.

Umhverfisstofnun telur að í ljósi mikilvægis kalkpörunga fyrir botndýralíf og fiska, í ljósi þess að kalkpörunar eru á lista OSPAR yfir búsvæði í hættu og óvissu varðandi virkni þeirra mótvægisáðgerða sem ætlunin er að beita telur Umhverfisstofnun að umrædd framkvæmda muni hafa verulega neikvæð umhverfisáhrif í för með sér. Þar sem hér er að líkindum um óafturkræf áhrif að ræða þar sem kalkpörungabreiður þróast nánast á jarðsögulegum tíma ólíkt athöfnum mannsins. Hvort þessi áhrif verða umtalsverð ræðst af hversu lengi efnistakan mun standa og hvort unnt verði að þróa aðferðir sem gera það kleift að færa lifandi kalkpörunga í miklum mæli milli svæða og tryggja lifun þeirra og virkni á nýjum stað.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu hafi verið gerð nokkuð góð grein fyrir mikilvægi kalkþörunga og þeim aðferðum sem beitt verður við efnistöku. Umhverfisstofnun telur að ekki hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir virkni mótvæðisaðgerða hvorki í frummatsskýrslu né í frekri upplýsingum framkvæmdaaðila. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi. Umhverfisstofnun bendir á að ofangreind umsögn tekur einungis til fyrirhugaðrar efnistöku en ekki til verksmiðju sem ráðgert er að byggja á Súðavík.


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri